

Til bæjarráðs

Efni: Svar við fyrirspurn Garðabæjarlistans um almenningssamgöngur í Urriðaholti.

Uppbygging almenningssamgangna í Urriðaholti hófst sem þróunarverkefni til eins árs frá september 2020-september 2021 með akstri strætóleiðar 22. Strætóleið 22 fer um Urriðaholtið að Ásgarði í Garðabæ. Í stað hefðbundinna vagna ók 18 manna smárúta leiðina á annatíma á virkum dögum og utan annatíma og um helgar var leiðin í pöntunarþjónustu. Á tímabili þróunarverkefnisins var nýting á strætóleiðinni skoðuð og verkefnið var metið.

Leiðasérfræðingar Strætó, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda hjá tækni- og umhverfissviði Garðabæjar og fulltrúi Garðabæjar í stjórn Strætó hafa haft samráð til að meta þróunarverkefnið og koma með útfærslu um framhald frá 1. október nk.

Niðurstaða við mat á verkefninu er leggja til bættu þjónustu almenningssamgangna í Urriðaholti með tíðari strætóferðum frá og með 1. október 2021.

Samkvæmt nýrri áætlun er lagt til aukin tíðni á leið 22 Ásgarður-Urriðaholt-Ásgarður sem hér segir:*

- Virka daga mun vagninn aka allan daginn á 30 mín tíðni frá kl. 07:00-20:00 og pöntunarþjónusta á 30 mín tíðni frá kl. 20:00-23:30.
- Á laugardögum mun vagninn aka allan daginn á 30 mín tíðni frá kl. 8:00-19:00 og pöntunarþjónusta á 30 mín tíðni frá kl. 19:00-23:30
- Á sunnudögum mun vagninn aka allan daginn á 30 mín tíðni frá kl. 10:00-19:00 og pöntunarþjónusta á 30 mín tíðni frá kl.19:00-23:30.

**Breyting frá fyrri leiðaáætlun*

- *tíðni aukin í hálf tíma en ekki klukkustundafresti eins og var hluta dags áður á virkum dögum og um helgar*
- *pöntunarþjónusta verður eingöngu á kvöldin en áður var pöntunarþjónusta hluta úr virkum dögum og allar helgar*

Kostnaður við leið 22 á árinu 2021 var áætlaður 17 milljónir á ári. Kostnaður vegna breytinga eru 25 milljónir króna til viðbótar eða samtals 42 milljónir á ári. Þetta eru tölur án kostnaðar við pöntunarþjónustu.

- Fyrir árið 2021 – viðbótarkostnaður 6,25 milljónir kr. (okt, nóv, des), mætt með viðauka
- Fyrir árið 2022 – kostnaður 42 milljónir kr. lagt til í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.